

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

16. október 2018 kl. 8:10

Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra. Þorvar Hafsteinsson, grenndarfulltrúi, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fjarverandi voru Theódór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara og Alfreð Maríusson, fulltrúi starfsmanna.

Fundarritari: María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Starfsáætlun

Guðrún Soffía fór yfir starfsáætlun Vatnsendaskóla og voru umræður um hana.

Umbótaáætlunin er viðamikil og er það að hluta til vegna niðurstaðna úr skólapúlsinum í starfsmanna- og nemendakönnunum sem skólinn er að bregðast við. Stærsti þátturinn er námskeiðið hjá KVAN sem allir kennrar skólans taka þátt í. Starfsáætlunin er samþykkt og mun verða sett á heimasíðu skólans.

2. Ytra mat

Skólinn er í ytra mati og munu matsmenn frá Menntamálastofnun koma í skólann 5. – 8. nóvember næstkomandi. Tveir matsmenn koma og munu hitta stjórnendur, kennara, aðra starfsmenn, foreldra og nemendur. Þeir munu hafa rýnihópaviðtöl með þessum hópum ásamt því að fara inn í kennslustundir og skoða ýmis gögn og skýrslur frá skólanum. Í umræðunum kom fram að það er gott fyrir skólana og sveitarfélögini að ytra mat skóla fari fram. Skýrslan um ytra matið verður birt á heimasíðu skólans þegar hún er tilbúin.

3. Önnur mál

Spurt var um spjaldtölvuverkefni Kópavogs. Þorvar sagði frá því að komið hefði fram hjá Menntaráði að mikil ánægja væri með spjaldtölvurnar þó alltaf væri einhver óánægður. Önnur sveitarfélög eru að fylgja þessari þróun eftir. Bíuð er að hægja á innleiðingunni. Kom fram hjá fulltrúum nemenda að þeir eru ánægðir með spjaldtölvurnar þó einhverjir nemendur eigi erfitt með að nota spjöldin eingöngu sem námstæki í skólanum.

Þorvar fjallaði um foreldraröltið. Hugmynd hans er að fá eitt foreldri úr hverjum árgangi til að aðstoða Tómas sem stýrir foreldraröltinu. Þorvar fór yfir hvernig Lindaskóli gerir þetta og er það þannig að kennrarar senda bréf til foreldra fyrir hönd foreldraröltins. Þetta hefur gefist

vel í Lindaskóla og er áhugi á að prófa þetta fyrirkomulag hér. Umræður voru um foreldraröltið. Kom fram að þetta er sameiginleg ábyrgð skólans og foreldra. Gengið er 2 – 3 sinnum í viku. Tómas og Þorvar eru að hittast til að setja upp skipulag og munu kynna það fyrir stjórnendum skólans.

Áslaug bað um niðurstöður úr skólapúlsinum frá síðasta skólaári.

Rætt um skólalóðina en Guðrún var búin að fá svör við fyrirspurn sinni. Verkinu er ekki lokið og skólalóðin er í hönnun. Svörin voru frekar opin og bað Guðrún um nánari útlistun á dagsetningum og öðru. Ekki hefur svar borist. Guðrún nefndi að gott væri að skrifa aftur bréf til að herja á að eitthvað verði gert áfram í málefnum skólalóðarinnar. Guðrún Soffía og María setja fram punkta sem þurfa að koma fram í bréfinu og Þorvar, Árnína og Áslaug munu vinna bréfið áfram.

Fundi slitið kl. 9:20